

174. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 26. ágúst 2016 kl. 09:30.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir, formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson og Eyrún M. Stefánsdóttir sem varamaður Óttars Braga Þráinssonar. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

1.1. 115. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa, 16-34.

Mál nr. 14; Heiðarbær lóð 170235: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – viðbygging – 1607024.

Sótt er um leyfi til að byggja við sumarhús og steypa bílskýli undir bústað, stækkun 93,9 ferm og 297,7 rúmm. Heildarstærð eftir stækkun er 195,2 ferm og 555,7 rúmm.

Erindinu hafnað þar sem ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag á svæðinu.

Mál nr. 15; Útey 1 lóð 168168: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – 1607013.

Sótt er um leyfi til að byggja sumarhús 206,6 ferm og 372,3 rúmm úr timbri.

Núverandi bústaður á lóð er 50 ferm sem á að fá leyfi til að rífa að hluta sem verður nýttur sem gestahús 30 ferm.

Byggðaráð Bláskógabyggðar fellst ekki á framkvæmdina þar sem fyrirhugað hús er nær ánni en 50 m og er þar með í ósamræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar. Þá er mælt með að unnið verði deiliskipulag af svæðinu.

Mál nr. 16; Spóastaðir 2 167169: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús – 1607025.

Lögð fram umsókn dags. 11. júní 2016 þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir byggingu 84,9 fm íbúðarhúss úr timbri í landi Spóastaða 2 lnr. 167169.

Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að umsóknin verði grenndarkynnt fyrir eigendum innan bæjartorfunnar skv. 44. gr. skipulagslaga. Ef engar athugasemdir berast er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 17; Miðdalskot lóð 1 – 4 (Hélskógar): Staðfesting á afmörkun lóða – 1607035.

Lögð fram umsókn Guðmundar Rafnar Valtýssonar dags. 13. júlí 2016 þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun fjögurra sumarhúsaloða úr landi Miðdalskots Hélskógar 1-4) og taka afstöðu til landsskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Meðfylgjandi er hnitsettur uppdráttur unninn af Valtý Þórisssyni.

Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun ofangreindra lóða og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 18; Efri-Reykir vegsvæði: Efri-Reykir 167080: Stofnun lóðar – 1607036.

Lögð fram beiðni um stofnun 6.5 ha spildu úr landi Efri-Reykja lnr. 167080 sem nær til vegssvæðis Reykjavegar frá Laugarvatnsvegi að Fullsæl.

Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stofnun spildunnar og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 19; Reykjavegur 1 lnr. 167271: Reykjaskógur: Gestahús: Fyrirspurn – 1607037.

Lögð fram fyrirspurn eigenda lóðarinnar Reykjavegur 1 lnr. 167271 dags. 8. júlí 2016 um hvort að heimilt verði að byggja 48 fm aðstöðuhús á lóðinni í samræmi við meðfylgjandi gögn.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir að grenndarkynna umsóknina skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum aðliggjandi lóða. Ef engar athugasemdir berast er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 20; Hakið: Þingvellir: Aðkoma að þjóðgarði: Stækkun bílastæða: Deiliskipulagsbreyting – 1608015.

Lögð fram umsókn Þjóðgarðsins á Þingvöllum dags. 3. ágúst 2016 um breytingu á deiliskipulagi við Hakið. Í breytingunni felst stækkun og breytt fyrirkomulag bílastæða auk þess sem bætt er inn tveimur byggingareitum fyrir salernisbyggingar auk spennistöðvar. Þá er byggingarreitur þjónustuhúss stækkaður og gert ráð fyrir nýjum stíg (þjónustuleið) að fræðslumiðstöð. Meðfylgjandi eru drög að deiliskipulaginu auk matslýsingar dags. 4. ágúst 2016.

Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi matslýsingu og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Byggðaráð bendir á nauðsyn þess að kláruð verði vinna við heildarendurskoðun skipulags fyrir Þingvallarþjóðgarð til að geta komið til móts við fjölgun ferðamanna á svæðinu.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 16-34 – 1607002F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. júlí 2016 lagðar fram til kynningar.

1.2. 7. verkfundur vegna gatnaframkvæmda í Reykholti; 3502-002. Samþykkt samhljóða.

1.3. Fundur fjallskilanevndar Biskupstungna, dags. 15. ágúst 2016, ásamt fjallskilaseðli Biskupstungna 2016. Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

2.1. 510. fundur stjórnar SASS.

3. Verksamningur um sorphirðu í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi 2016 – 2020.

Lagður fram samningur um sorphirðu í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi sem gerður er milli sveitarfélaganna annars vegar og Gámaþjónustunnar hins vegar. Samningurinn er gerður eftir útboð.

Byggðaráð Bláskógabyggðar staðfestir samhljóða fyrirliggjandi samning.

4. Drög að eigendastefnu fyrir þjóðlendur, dags. 27. júlí 2016, frá Forsætisráðuneyti.

Lögð fram drög að eigendastefnu fyrir þjóðlendur sem unnið hefur verið í Forsætisráðuneytinu. Óskað er eftir umsögn eða athugasemdum frá sveitafélögum ef ástæða þykir til.

5. Til umsagnar frumvarp til laga um námslán og námsstyrki (794. mál).

Lagt fram tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis, dags. 18. ágúst 2016 þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógarbyggðar um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki (þingmál 794).

Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við framlagt frumvarp að svo komnu máli.

6. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

7. Innsend bréf og erindi:

- 7.1. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 11. ágúst 2016; umsókn um tímabundið tækifærisleyfi að Skógarhólum, Þingvallasveit – Laugaás ehf.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um umsókn um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi, frá Laugaás ehf. kt. 690592-2319. Um er að ræða lokaða samkomu að Skógarhólum við Þingvelli þann 20. september 2016.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.
- 7.2. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 14. júlí 2016; umsókn um nýtt rekstrarleyfi að Miðhúsum – Discover ehf.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi í flokki II frá Discover ehf, kt. 691110-0790 að Miðhúsum, sumarhús.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt þar sem þessi starfssemi samræmist gildandi skipulagi svæðisins.
- 7.3. Tölvuskeyti Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 8. ágúst 2016; beiðni um breytingu á skráningu rekstrarleyfis.
Lagt fram tölvuskeyti Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna fyrirhugaðrar breytingar á nafni umsækjanda fyrir áður gefið rekstrarleyfi gististaðar í flokki II að Bæjarholti 2.
Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við umrædda nafnabreytingu og rekstraraðili verði Hamar sumarhús ehf, kt. 6607160840.
- 7.4. Bréf Bændasamtaka Íslands, dags. 9. ágúst 2016; fjallskil.
Lagt fram bréf Bændasamtaka Íslands þar sem kynnt er annarsvegar ályktun frá Búnaðarþingi 2016 og hins vegar óskað eftir að fjórum spurningum verði svarað sem snýr að framkvæmd fjallskila. Sveitarstjóra falið að svara umræddum spurningum í samráði við formenn fjallskilaneftnda.
- 7.5. Bréf Hjálparstarfs kirkjunnar, mótt. 17. ágúst 2016; styrkbeiðni.
Lagt fram bréf Hjálparstarfs kirkjunnar það sem óskað er eftir fjárstyrk til að efla starf þeirra. Erindinu hafnað.
- 7.6. Bréf MS-félags Íslands, mótt. 11. ágúst 2016; styrkbeiðni.
Lagt fram bréf MS-félags Íslands þar sem óskað er eftir fjárstyrk til starfsemi félagsins. Erindinu hafnað.
- 7.7. Bréf Íþróttasambands lögreglumanna, dags. 18. ágúst 2016; styrkbeiðni.
Lagt fram bréf Íþróttasambands lögreglumanna þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna útgáfu og dreifingar á bæklingnum „Í umferðinni“ sem er sendur til allra sex ára barna í skólum landsins.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið um kr. 10.000.

8. Efni til kynningar:

- 8.1. Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 2. ágúst 2016; Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Álfborg.
- 8.2. Tölvuskeyti SASS, dags. 16. ágúst 2016; fundir framundan á vegum Byggðastofnunar.
- 8.3. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. ágúst 2016; höfundaréttarvarið efni í skólastarfi.
- 8.4. Bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 9. ágúst 2016; hvatning til sveitarstjórna.
- 8.5. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2015.
- 8.6. Tölvuskeyti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 10. ágúst 2016; breyting veffangs.
- 8.7. Félagsmiðstöðin Borgin, yfirlit yfir starfsemi veturinn 2015 – 2016.
- 8.8. Tölvuskeyti Katrínar G. Guðmundsdóttur, dags. 2. ágúst 2016; vegur að Lindarbrekku, Laugarási.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:10.

Valgerður Sævarsdóttir

Helgi Kjartansson

Eyrún M. Stefánsdóttir

Valtýr Valtýsson